

1.2 Einkenni dyslexíu

Einkenni dyslexíu eru jafn margbreytileg og einstaklingarnir eru margir. Það má þó finna ýmis einkenni sem sameinar þá.

Eftirfarandi upptalning á einkennum er unnin úr ýmsum heimildum, t.d. upplýsingum frá The International Dyslexia Association og öðrum samtökum er kenna sig við dyslexíu. Líklega er enginn einstaklingur með öll einkennin heldur eiga einhver af þessum einkennum við þá sem greinast með dyslexíu.

Erfiðleikar nemenda geta birst á ýmsan hátt við lestur.

Nemandinn

- les hægt og hikandi
- skortir oft meðvitund um hljóðin sem mynda orð, skipulag hljóða, hrynjandi eða röð atkvæða í orðum
- sleppir stöfum úr orðum
- sleppir úr orðum eða „sér“ ekki orð (þá getur merking setningar breyst)
- snýr við stöfum (snúningur stafa getur ýmist verið lóðréttur, t.d. dóna í stað bóna, eða láréttur eins og pára í stað bára)
- snýr við orðum, rás verður t.d. sár
- snýr við orðaröð
- breytir röð stafa í orðum og tölum, t.d. söng verður sögn, 12 verður 21
- • bætir við orðum eða skiptir um orð í setningum, setur í staðinn orð sem eru lík í útliti en hafa aðra merkingu, sjón - ljón, hús - mús

- • skiptir um orð í setningum, setur í staðinn orð sem hafa sömu merkingu en eru ólík í útliti, t.d hoppa - stökkva, hús - bygging
- • les vitlaust, sleppir eða bætir við ýmsum aukaorðum sem geta haft áhrif á merkingu setningar eins og t.d. forsetningunum um, að, til og spurnarfornöfnunum eins og hver, hvað
- • sleppur eða breytir viðskeytum orða, t.d. fljótt í stað fljótlega, halla í stað hallandi
- endurtekur orð eða setningar
- les orð en þekkir það ekki aftur í annarri setningu
- les og les en gerir samt vandræðaleg mistök
- á erfitt með að einbeita sér því stafirnir eru eins og á hreyfingu um blaðið (stundum geta lituð gleraugu eða glæra í lit „róað“ stafina)
- á erfitt með að einbeita sér því hann „sér“ aðeins hluta blaðsins skýrt, aðrir hlutar eru eins og í þoku
- man ekki hvað hann las
- les verr undir álagi
- skilur ekki markmið höfundar eða hvað hann er að meina, „endurskrifar“ orð höfundar
- sleppir gjarnan úr setningarkerkjum eins og kommum og punktum þegar lesið er upphátt

Í stafsetningu koma einkennin einnig fram.

Nemandinn

- • á erfitt með að greina muninn á líkum hljóðum, t.d. v og f , d og t einnig muninn á tvöföldum samhljóða og einföldum, hljóðvillur eru því algengar.

- • gerir stafsetningarvillur sem einkennast af því að stöfum og orðum er snúið við, lóðrétt og lárétt og skipt er um stafi, orð.
- • stafsetur algeng einföld orð vitlaust, þrátt fyrir stöðuga og mikla kennslu í stafsetningu.
- • er óöruggur í réttritun, er sífellt að breyta um stafsetningu orða.
- • á erfitt með réttritun í tungumálanámi, sérstaklega ef mikill munur er á milli framburðar og réttritunar eins og í ensku
- • skrifar einnig oft ólæsilega.

Nemandi með dyslexíu getur átt í örðugleikum með

- • að tjá sig á ritmáli
- • að tjá hugsanir sínar með orðum (munnlega)
- • að skilja og muna það sem hann hefur nýlega lesið
- • að skilja og muna það sem hefur nýlega verið sagt við hann
- • að skilja og muna skráðar eða munnlegar leiðbeiningar
- • stærðfræði, það tengist oft raðvinnslu (í hvaða röð á gera hvað), áttun eða málskilningi (erfiðleikar að skilja lesdæmi)

Nemendur með dyslexíu eiga oft í erfiðleikum með tímastjórnun, tímahugtök og áttun.

Þeir eiga t.d. oft í erfiðleikum með:

- • áttun í rými og tíma (hægri og vinstri, upp og niður, snemma og seint, gær og á morgun, mánuðir og dagar)
- að nota úr með vísnum, ruglast á í hvora átt vísarnir ganga
- að muna heiti mánaða ársins í réttri röð

- að áætla hvað viðfangsefni tekur langan tíma og skila þess vegna oft verkefnum of seint
- að rata (villast auðveldlega)

Nemendur með dyslexíu eiga oft í miklum erfiðleikum með að læra staðreyndir, sem hafa ekkert gildi fyrir þá, utanbókar. Þeir eiga t.d. erfitt með að læra:

- • margföldunartöfluna
- • ýmsar vísindalega sannaðar staðreyndir eins og að vatn sýður við 100°C
- • sögulegar staðreyndir; nöfn, dagsetningar og staði

Nemendur með dyslexíu standa sig aftur á móti oft vel í sögu þegar útskýra á hvers vegna einhver atburður gerðist og hver var afleiðingin.

Margir nemendur með dyslexíu eiga erfitt með raðvinnslu eða raðskipan, það að vinna þurfi ákveðin verkefni í ákveðinni röð til að ljúka viðfangsefni.

- • Margir lærðu t.d. seint að binda skóreimarnar. Það verkefni reynir bæði á áttun og raðvinnslu.
- • Erfiðleikar koma einnig fram við úrlausn flókinna stærðfræðidæma þegar unnið er stig af stigi. Fyrst á að deila þessari tölu í þessa síðan
- • Það að læra að vélrita er verkefni sem reynir einnig á áttun og raðvinnslu. Þegar verið er að vélrita stóran staf þarf að ákveða hvora hönd og hvaða fingur á að nota til ýta á réttan staf, t.d. O, síðan þarf að nota hina höndina til að ýta á shift-takkann og þannig er haldið áfram í skipulagðri röð.

Nemandinn þreytist fljótt við lestur og finnst hann vera heimskur. Nemandinn er pirraður og reiður vegna þess að hann skilur ekki það sem hann var að lesa. Honum finnst eitthvað vera að sér. Það getur verið að lesskilningur sé lítill vegna þess að það fer svo mikil orka í það að lesa, yfirleitt gengur betur að skilja og muna það sem sagt er.

Ritunarverkefni nemenda endurspeгла ekki gáfur þeirra né hæfileika að skilja viðfangsefnið. Greind og skilningur er augljós þegar talað er við nemandann en sést ekki þegar lesið er það sem hann hefur skrifað. Nemendurnir hafa tilhneigingu til að skrifa mjög stuttar setningar eða sleppa greinamerkjum eins og punktum. Þeir hafa ekki tilfinningu fyrir málfræði né setningabyggingu. Nemendur eru mjög lengi að skrifa og er skriftin oft ólæsileg. Þeir nýta blaðið á mjög sérstakan hátt, bil á milli orða er oft mislangt, stundum er orðum þjappað saman og spássía ekki notuð. Þó nemendur lesi yfir verkefni sín fara stafsetningarvillur fram hjá þeim. Þeim finnst einnig erfitt að nota leiðréttingarforrit því oft þarf að velja á milli orða sem tölvan stingur upp á.

Við þetta má bæta að margir þeirra sem greinast með dyslexíu voru seinir til máls og eiga ættingja með svipuð vandamál.

© Elín Vilhelmsdóttir